



Fundargerð

523. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
fimmtudaginn 25. september 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir og Sveinn Hreiðar Jensson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn, klukkan 10:00

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

1. 2509014 - Kirkjubæjarstofa

Lagt fram bréf, dagsett 15. september 2025 frá Kirkjubæjarstofu, þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 260.000 krónur vegna kostnaðar við Málþing Kirkjubæjarstofu 2025.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóðu, að veita Kirkjubæjarstofu styrk að upphæð 260.000 krónur, vegna Málþings sem haldið var þann 25. ágúst 2025 í Félagsheimilinu Kirkjuból.

Styrkurinn er tekinn af lið 1381/9991.

Auður Guðbjörnsdóttir, vék af fundi undir þessum lið

2. 2509015 - Umhverfis- og orkustofnun

Lagt fram bréf Umhverfis- og orkustofnunar, dagsett 26. ágúst 2025 vegna reglubundis eftirlits urðunarstaðs Skaftárhrepps á Stjórnarsandi.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Erindinu var svarað og athugasemdum sveitarfélagsins komið á framfæri.

3. 2509016 - Félag fósturforeldra

Lagt fram bréf frá Félagi fósturforeldra, dagsett 26. ágúst 2025 vegna styrkbeiðni til handa félaginu.

Sveitarstjórn samþykkir erindið í einu hljóði og vísar því til gerðar fjárhagsáætlunar 2026.

BHS JG.
Shi. Gm AL.
1668



4. 2509022 - Loftslags- og orkusjóður

Greint frá úthlutun Loftslags- og orkusjóðs sem fram fór, þann 24. september 2025.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarfélagið fékk 73 milljónir til að bora rannsóknarholur frá Loftslags- og orkusjóði, þann 24. september 2025. Að auki á sveitarfélagið um 15 milljónir eftir af fyrri styrkúthlutun sjóðsins til sveitarfélagsins. Sveitarstjórn fagnar þessum áfanga í heitavatnsleit.

5. 2509019 - Skógræktarfélag Íslands

Lagt fram bréf, dagsett, 22. september 2025 frá Skógræktarfélagi Íslands vegna ályktunar Skógræktarfélagsins frá síðasta aðalfundi sínum.

Bréfið lagt fram til kynningar og vísað til Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.

6. 2509017 - Mennta- og barnamálaráðuneytið

Lagt fram bréf, dagsett, 11. september 2025 frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna frumkvæðisúttektar á Kirkjubæjarskóla.

Bréfið lagt fram til kynningar ásamt frumkvæðisúttekt Kirkjubæjarskóla. Erindinu vísað til Velferðarráðs Skaftárhrepps til afgreiðslu.

Fulltrúi minnihluta óskaði eftir að eftirfarandi yrði bókað:

Ég, Sveinn Jensson fulltrúi xd og óháðra lýsir því yfir að skýrslan er áfellsdómur fyrir sveitastjóra, meirihluta sveitarstjórnar, meirihluta velferðarráðs og fyrrum fræðslunefndar sem og fyrrum verkefnastjóra sameingar skólanna sem var ákveðin og framkvæmd án nauðsynlegs undirbúnings og samráðs við skólasamfélagið, nærsamfélagsins og fulltrúa minnihluta sveitarstjórnar. Afleiðingarnar eru alvarlegar fyrir skólasamfélagið, starfsfólk, nemendur og forráðamenn og hefur grafið undan trausti samfélagsins til meirihluta sveitarstjórnar og sveitarstjóra. Ljóst er að hér hefur ekki verið sýnd vönduð stjórnsýsla.

BHS
Shi. JS
GRS AL
1669



7. 2509023 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Lagt fram bréf, dagsett, 27. ágúst 2025 frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).

Ákveðið hefur verið að halda Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 23. október og 24. október nk. á Kirkjubæjarklaustri. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar Skaftárhrepps á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verði, Gunnar Pétur Sigmarsson, Sveinn Hreiðar Jensson og Auður Guðbjörnsdóttir, sem aðalmenn og til vara Björn Helgi Snorrason.

8. 2509018 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

Lagt fram bréf, dagsett, 22. september 2025 frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.

Ákveðið hefur verið að halda aðalfund Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 1. október á Hilton Reykjavík Nordica. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að fulltrúi Skaftárhrepps á aðalfundinum verði Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

9. 2508021 - Kosning í fastanefndir skv. 41. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 923 2024

Oddviti gerði grein fyrir málinu.

Sveitarstjórn samþykkti í einu hljóði eftirfarandi: Fulltrúar, Félags eldri borgara í Skaftárhreppi í Öldungaráði verði Magnea Þórarinsdóttir og Ólafía Davíðsdóttir og fulltrúi Skaftárhrepps í Öldungaráðinu verði Guðbrandur Magnússon. Kosningu varamanna er frestað. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa falið að boða ráðið saman til fyrsta fundar.

10. 2509024 - Ábyrgð Fjallskilanefnda

Farið yfir ábyrgð Fjallskilanefnda sveitarfélagsins skv. Fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu nr. 774/2020.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps bókar eftirfarandi:

Samkvæmt 2. grein í gildandi Fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu nr. 774 frá 2020 skiptist sýslan í 7 fjallskilasvæði (deildir) sem afmarkast af fyrrum hreppamörkum gömlu hreppanna.

BHS
Shi. 7-5
GPS
AG
1670



Samkvæmt 3. grein hafa sveitarstjórnir Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps á hendi ábyrgð, stjórn og framkvæmd fjallskilamála, hvor á sínu svæði. Þó er sveitarstjórn heimilt að kjósa og/eða láta kjósa fjallskilanefnd fyrir hverja fjallskiladeild sem sér þá um framkvæmd þeirra mála í umboði sveitarstjórnar. Fjallskilanefndir geta tekið ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði, svo fremi að þær brjóti eigi í bága við samþykkt þessa.

Þá segir í 5. grein að allt land sem fjallskilasamþykkt þessi tekur til skiptist í afrétti, upprekstrarheimalönd og heimalönd.

Að gefnum tilefnum vill sveitarstjórn Skaftárhrepps brýna fyrir fjallskilanefndum hvert hlutverk nefndanna er og hvetja þær til þess að framkvæmd smalana á svæði herrar nefndar verði skilvirkari. Á það ekkert síður við smalanir á heimalöndum en smölun afrétta.

Þá er einnig samkvæmt 19., 21. og 24. greinum fjallskilasamþykktarinnar rétt að minna alla landeigendur í sýslunni á ábyrgð sína gagnvart smölun á sínum jörðum. Gildir það sama um eigendur eyðibýla þó að þeir eigi þar ekki fjárvon.

Oddviti lagði til að fundinum yrði lokað undir lið 11. Var tillagan samþykkt og fundinum lokað.

11. 2508012 - Starfsmannamál

Lögð fram tillaga um ráðningu á fjármálastjóra sveitarfélagsins til eins árs.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra umboð til að ganga frá ráðningu á fjármálastjóra til eins árs eins fram kom á fundinum. SHJ sat hjá við afgreiðslu málsins.

12. 2509020 - Trúnaðarmál

Niðurstaðan færð í trúnaðarmálabók sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri greindi frá tveimur trúnaðarmálum sem færð voru í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

13. 2509021 - Eldvilji ehf.

Rætt um ábyrgð á lánstöku Eldvilja ehf. vegna framkvæmda við Klausturveg 4.

Sveitarstjórn samþykkir að lána Eldvilja ehf. fjármuni allt að 45 milljónir á meðan gengið er frá afgreiðslu láns. Er bókarar sveitarfélagsins falið að undirrita gögn skv. þessari afgreiðslu.

Jóhannes Gissurarson og Auður Guðbjörnsdóttir véku af fundi undir þessum lið.

BHS
sh. JS
GSS
Alv



Björn Helgi Snorrason tók við stjórn fundarins.

Sveinn Hreiðar Jensson, óskaði eftir fundarhléi

Hlé var gert á fundinum klukkan 14:30

Fundi framhaldið klukkan 14:45

Sveinn hreiðar Jensson lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég, Sveinn Jensson fulltrúi xd og óháðra samþykki neyðarlán til Eldvilja ehf. að fjárhæð allt að 45 milljónir króna með fyrirvara um lögmæti gjörnings þessa.

Jafnframt áskil ég mér rétt til að kanna lögmæti ákvörðunartökunnar og óska eftir að fyrir næsta sveitarstjórnarfund verði lögð fram eftirfarandi gögn ásamt álitum óháðs endurskoðanda á fjármögnun framkvæmda við Klausturveg 4 og Laugaveg 4:

- Ársreikningur Eldvilja ehf. fyrir árið 2024,
- Sundurliðun á því hvernig fjármunum, sem þegar hafa verið lánaðir til félagsins, hefur verið varið,
- Skriflegur samningur á milli sveitarfélagsins og Eldvilja ehf. um framkvæmdir sem og lánveitingar á milli aðila við Klausturveg 4.
- Tekjuáætlun Eldvilja ehf. fyrir næstu ár þar sem fram komi hvernig félagið hyggst standa undir skuldbindingum sínum,
- Fundargerðir stjórnar Eldvilja ehf. fyrir árin 2021–2025 þar sem fram komi ákvarðanir félagsins um framkvæmdir á hæðum þess í fasteigninni við Klausturveg 4.

Jóhannes Gissurarson tók við stjórn fundarins.

14. 2508018 - Skólaakstur

Oddviti gerði grein fyrir málinu.

Björn Helgi Snorrason og Auður Guðbjörnsdóttir véku af fundi undir þessum lið.

15. 2509025 - Skaftárljós

Lagður fram ársreikningur fyrir Skaftárljós vegna ársins 2024.

Lagður var fram ársreikningur fyrir Skaftárljós vegna ársins 2024. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði ársreikninginn með undirritun sinni.

Fundargerðir:

16. 2509013 - Fjallskilanefnd Skaftártunguafréttar

Lögð fram fundargerð Fjallskiladeildar Skaftártunguafréttar frá 25. ágúst 2025, ásamt Fjallskilaseðli 2025.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS
Svi. JG.
GP AG



17. 2509011 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)
Lögð fram fundargerð 625. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) frá 14. ágúst 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
18. 2509012 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Lögð fram fundargerð 626. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) frá 5. september 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
19. 2509009 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Lögð fram fundargerð 91. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 10. júní 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
20. 2509010 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Lögð fram fundargerð 92. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 25. ágúst 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
21. 2509006 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum
Lögð fram fundargerð 82. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 2. júní 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
22. 2509008 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum
Lögð fram fundargerð 83. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 20. júní 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
23. 2509007 - Samtök orkusveitarfélaga
Lögð fram fundargerð 87. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 20. júní 2025.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

BHS
shí.
J.S.
GPS AB
1673



Fundargerð yfirlesin,
fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 15:19.

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson
Sveinn Hreiðar Jensson